

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2010

frá 30. apríl 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2004 frá 8. júní 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/524/EB frá 29. júní 2009 um ráðstafanir til að bæta starfsemi innri markaðarins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 6. lið (ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins 7. desember 1998, um frjálsa vöruflutninga) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ í XX. kafla II. viðauka við samninginn:

- „7. **32009 H 0524:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/524/EB frá 29. júní 2009 um ráðstafanir til að bæta starfsemi innri markaðarins (Stjtið. ESB L 176, 7.7.2009, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2009/524/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 26, og EES-viðbætur nr. 59, 25.11.2004, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 176, 7.7.2009, bls. 17.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Scatter
formaður.